



SKÓLA-

DRAUG-

Inga Mekkin Beck

URINN



Inga Mekkin Beck

Skóladraugurinn

Skáldsaga



VAKA-HELGAFELL

Skóladraugurinn

© Inga Mekkin Beck 2016

Vaka-Helgafell

Reykjavík 2016

Öll réttindi áskilin.

Kápa: Halla Sigga / Forlagið

Umbrot: Eyjólfur Jónsson

Letur í meginmáli: Adobe Devanagari, 12,5/18 pt.

Prentun: Oddi, umhverfisvottuð prentsmiðja 

Gefin út í Reykjavík, bókmenntaborg UNESCO

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

ISBN 978-9979-2-2384-9

Vaka-Helgafell er hluti af  Forlaginu ehf.
www.forlagid.is

Draugasagan

Gunnvör stóð á ganginum við hlið Hávarðar skólastjóra. Hann var í hrókasamræðum við húsvörðinn og virtist alveg hafa gleymt henni.

„Jóhanna fullyrti að það yrði að skipta um perur þar inni fyrst og það er í þínum verkahring, ekki satt?“ sagði Hávarður við húsvörðinn en hann fnæsti hinn fúlasti.

Gunnvöru virtist húsvörðurinn vera frekar gamall maður, afalegur með mikið skegg, djúpa rödd og grátt hár sem gaf honum virðulegt útlit. Hávarður virkaði lítill og mjóróma við hlið hans og áberandi skegglaus. Báðir skörtuðu litlum skalla aftarlega á kollinum, þeir áttu það þó sameiginlegt.

Þeir voru að rífast um eitthvert herbergi sem þurfti að hreinsa.

„Þessar kenjar hennar koma ljósaperum andskotann ekkert við!“ Húsvörðurinn hækkaði róminn „Ef það gengi svartur köttur yfir gólfid þá þyrfti ég að skúra eftir hann!“

Hjátrúin og ímyndunaraflíð er svoleiðis yfiringilegt að hún getur ekki opnað augun á morgnana nema kveikja ljósið og fara með faðirvorið áður!“

„Svona, Mundi minn,“ sagði Hávarður, „við skulum gæta orða okkar.“

Húsvörðurinn maldaði eitthvað í móinn.

Flestir krakkarnir voru komnir inn í stofurnar sínar, fyrsti tími dagsins að hefjast. Þeir sem ennþá voru að tínast inn í skólann og gengu fram hjá þeim störfu óþarflega mikið að mati Gunnvarar. Þeir störfu ekki á karlmennina sem stóðu á ganginum og rifust heldur á Gunnvöru sjálfa sem beið á lengdar. Hún skildi þó vel hvers vegna krakkarnir störfu. Þetta var lítill skóli í litlum bæ og hún var nýi nemandinn.

Nokkrir kennarar áttu leið hjá, einn þeirra stoppaði og tók í höndina á Gunnvöru.

„Sæl, vinan, vertu velkomin, ég er Baldur smíðakennari.“ Hann brosti hlýlega og bætti svo við: „Ég fæ þó víst ekki að kenna þér fyrr en eftir áramót.“ Hann stóð dálitla stund og brosti breitt til Gunnvarar eins og hann biði eftir svari frá henni en áttaði sig svo á hvað tímanum leið og gekk hröðum skrefum burt. Hann gleymdi alveg að kveðja, hugsaði Gunnvör.

Gunnvöru líkaði illa að vera sein í tíma og var farin að íhuga að hnippa í Hávarð þegar hann mundi loks eftir

henni og hvert för hans var heitið. „Við hljótum að finna einhverja lausn á þessu, Mundi minn, en við skulum ræða það seinna,“ sagði hann við húsvörðinn og sneri sér aftur að Gunnvöru.

„Jæja, eigum við þá að koma og hitta bekkjarféлага þína?“

Gunnvör brosti kurteislega og gekk á eftir honum inn ganginn með sveitta lófa og fiðring í maganum. Þegar þau komu að stofunni heyrðist kliðurinn fram á gang en hann dó út um leið og Hávarður opnaði dyrnar.

Gunnvör elti skólastjórann inn í stofuna. Hún taldi tólf nemendur þar inni og allir störfðu þeir á hana eins og naut á nývirki. Hún var sá þrettándi. Mögulega hefði mátt heyra saumnál detta ef ekki hefði verið fyrir tvær stelpur í öftustu röð sem hvískruðu æstar sín á milli og einn strákur í miðri stofunni sem sveiflaði fótunum ótt og títt svo að ískraði bæði og brakaði í stólnum hans. Hinir krakkarnir sátu kyrrir á háu stólunum sínum, sumir með hendur undir borði, aðrir fitluðu við pennaveski eða voru með blýant í höndunum. Spennan í hópnum var svo þrúgandi að það lá við að henni mætti hella á flöskur.

„Jæja, krakkar mínir,“ sagði Hávarður yfir bekkinn, „hér er hún komin, nýja bekkjarsystirin ykkar.“ Hann sneri sér að Gunnvöru og lagði hönd á öxl hennar. „Viltu ekki kynna þig, vinan?“ Hann ýtti henni fram um eitt skref svo allir sæju hana örugglega.

„Hæ, ég heiti Gunnvör,“ sagði hún mjóróma, án þess að líta beint framan í bekkjarfélagana.

Ískrið í stól stráksins hætti. „En hún talar íslensku!“ sagði hann hissa.

„Mamma sagði að það væri að koma fjölskylda frá Ameríku,“ sagði stelpa í bekknum. Vonbrigði krakkanna leyndu sér ekki. Öll byrjuðu þau að masa aftur hvert í kapp við annað og spennan sem hafði legið í loftinu fjaraði út í áhugaleysi. Þau höfðu reiknað með einhverjum framandi, einhverjum spennandi, en þarna var bara ósköp venjuleg skolkærð stelpa sem talaði íslensku.

Skólastjórinn ræksti sig vandræðalega og beindi svo Gunnvöru í eina auða sætið í stofunni.

„Þetta er hún Petra, hún verður sessunautur þinn, að minnsta kosti fyrst um sinn,“ sagði hann og benti á dökkhærða stúlku sem gaut brúnum augunum forvitnislega að Gunnvöru.

Gunnvör brosti til Petru og settist við hlið hennar.

„Hvar er Arnheiður?“ spurði einhver. Spurningunni var beint að skólastjóranum.

„Hún Arnheiður er því miður veik í dag svo ég kenni ykkur fram að kaffi,“ svaraði Hávarður yfir bekkinn. Fagnaðarkliður fór um hópinn. Aðeins Petra virtist vera vonsvikin.

„Hver er Arnheiður?“ spurði Gunnvör sessunaut sinn.

„Hún er umsjónarkennarinn okkar,“ svaraði Petra.

„Er hún ekki skemmtileg?“

Petra svaraði ekki strax heldur horfði hugsí á hina krakka-ana í stofunni. „Hún er góður kennari,“ sagði hún loks lágt. „Ertu þá ekki frá Ameríku?“ bætti hún svo við hikandi.

„Ég átti heima þar í sex ár, nema á sumrin, þá vorum við oftast í Reykjavík,“ svaraði Gunnvör.

„Ó,“ sagði Petra, „ég hef komið tvisvar til Reykjavíkur.“ Með þeim orðum lauk þeirra fyrsta samtali.

* * *

Petra var ekki mjög málgefinn sessunautur en Gunnvör kunní vel að meta það. Fyrsti tíminn var íslenska og ef Hávarður spurði að einhverju yfir bekkinn var Petra með svarið. Hún gjammaði það þó ekki yfir bekkinn til að vera á undan öllum öðrum, heldur rétti hún upp hönd og beið þolinmóð eftir leyfi til að tala. Stundum spreyttu aðrir nemendur sig á undan henni en ef þeir höfðu ekki svarið þá kom það frá Petru. Næsti tími, sem var stærðfræði, var með svipuðu sniði. Hávarður kynnti efni dagsins og tók nokkur dæmi á töflunni. Seinustu mínúturnar sátu þau hljóð og unnu í bókunum sínum. Þó var ekki alveg hljótt í stofunni. Ljóshærðu stelpurnar tvær í öftustu röð, Jóna og Jana, héldu áfram að masa þótt Hávarður sussaði